

Byggingar- og skipulagsfulltrúi



Laust er starf byggingar- og skipulagsfulltrúa í Kjósarhreppi. Leitað er eftir öflugun og hæfum einstaklingi sem hefur áhuga á starfi á þessu sviði. Um er að ræða hlutastarf.

Starfsmaðurinn fer með framkvæmd byggingar- og skipulagsskipulagsmála samkvæmt lögum og sinnir verkefnum í samstarfi við skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins sem starfar í umboði hreppsnefndar ásamt því að vinna náið með oddvita/sveitarstjóra.

Helstu verkefni:

- Móttaka skipulags- og byggingarerinda
- Undirbúningur og eftirfylgni funda skipulagsnefndar
- Úttektir, mælingar og vettvangsathuganir
- Útgáfa byggingarleyfa, framkvæmdaleyfa og stöðuleyfa.
- Umsagnir vegna útgáfu rekstrar og/eða starfsleyfa
- Yfirferð uppdráttar
- Skráning fasteigna og stofnun lóða.
- Umsjón með skjalavistun er varðar skipulags og byggingarmál og tryggja virkni gæðakerfis byggingarfulltrúa.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjendur skulu fullnægja menntunar- og hæfniskröfum 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Þekking og reynsla af skipulags- og byggingarmálum ásamt opinberri stjórnarsýslu er æskileg.
- Mikilvægt er að umsækjandi hafi iðnmenntun í byggingariðnaði sem bakgrunn.
- Góðir samskiptahæfileikar eru nauðsynlegir.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Laun og önnur starfskjör eru samningsatriði.

Nánari upplýsingar veitir oddviti í síma 566 7100. Umsóknir ásamt fylgigögnum skal senda á netfangið: oddviti@kjos.is.

Umsóknarfrestur er til 5. nóvember.